

156

1. sept.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um sölu og dreifingu á nokkrum vörutegundum.

1. gr.

Unz til fullnaðar verður gengið frá ákvæðum um sölu og úthlutun á ýmsum vörum á ófriðartímum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um sölu og úthlutun á eftirfarandi vörutegundum: 1) rúg og rúgmjöli, 2) hveiti og hveitimjöli, 3) hafra-grjónum, 4) hrisgrjónum, 5) matbaunum, 6) sykri, 7) kaffi, 8) kolum til húsa.

2. gr.

Heildsöluverzlunum er bannað að afgreiða vörur beint til neytenda, og brauðgerðarhúsum að selja efni til bökunar óunnið. Er heildsöluverzlunum eigi heimilt að afgreiða vörur þær, sem taldar eru hér að framan, til annara en þeirra kaupmanna, kaupfélaga eða iðnfyrirtækja, sem áður hafa keypt sömu vörur hjá þeim að staðaldri nema með sérstöku leyfi viðskiptamálaráðuneytisins. Eigi má afgreiða meira í einu en vikubirgðir, ef um innanbæjarsölu er að ræða, en birgðir til næstu áætlunarferðar, ef um utanbæjarsölu er að ræða, allt miðað við fyrri venjuleg viðskipti.

3. gr.

Smásöluverzlunum (kaupmönnum og kaupfélögum) er óheimilt að afgreiða meira magn af vörum þeim, sem taldar voru hér að framan, til hvers einstaks kaupanda, en venjulegt er, sbr. þó 4. gr., og ennfremur varast að selja vörur þær, er hér um ræðir, öðrum en þeim, er venjulega skipta við þá.

4. gr.

Einstaklingum er bannað að viðlagðri refsíabyrgð að kaupa meira af matvörum þeim, sem taldar eru í 1. gr., á hverri viku, en hann notar á vikutíma. Kol er þó hinsvegar heimilt að kaupa á sama hátt til mánaðartíma.

Ákvæði þessarar greinar fellur úr gildi 15. sept. n. k.

5. gr.

Kaupmenn og kaupfélög skulu halda skrá um viðskiptamenn sína og sölu sína til þeirra á vörum þeim, er reglugerð þessi nær til, þannig að séð verði hve mikið magn hver einstakur hefir fengið.

6. gr.

Allir þeir, sem hafa birgðir af vörum þeim, sem taldar voru hér að framan og ætlaðar eru til sölu eða vinnslu, skulu nú þegar gera skrá um birgðir sínar. Skrá þessa, ásamt skýrslu um innkaup sín frá þeim tíma, er hún var gerð, og söluskýrslu til viðskiptamanna samkvæmt 5. gr., skulu þeir senda viðskiptamálaráðuneytinu, eða stofnun, er það kynni að fela eftirlit með sölu og dreifingu nauðsynjavara, þegar krafizt verður.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal með mál út af þeim farið sem almenn lögreglumál.

8. gr.

156

1. sept.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í ríkisstjórn Íslands, 1. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

HAFNARREGLUGERÐ

157

1. sept.

fyrir Dalvík.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Dalvíkurhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin frá Hálshöfðatá að Sauðanestá á Upsaströnd, innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu meðfram ströndinni.

II. KAFLI

Um stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón Stjórnarráðs Íslands.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára, og gengur 1 úr árlega fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

3. gr.

Hafnarnefnd sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta og sér um fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd hreppsnefndar.

4. gr.

Hreppsnefndin skipar hafnarstjóra eftir tillögum hafnarnefndar og setur honum erindisbréf. Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarnefndar.

III. KAFLI

Um almenna reglu.

5. gr.

Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans í hvívetna og ennfremur þeirra starfsmanna, er hafnarnefnd setur til að gæta reglu, enda gæti þeir allrar kurteisi í starfi sínu.